



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögðu 4,
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2016

Efni: Umsögn Samtaka Iðnaðarins um frumvarp um námslán og námsstyrki.

Frumvarp um heildarendurskoðun laga um Lánasjóð Íslenskra námsmanna hefur verið lagt fyrir Alþingi og hefur ráðuneytið óskað eftir umsögnum um frumvarpið. Samtök Iðnaðarins fagna fyrirbyggjandi frumvarpi og að með því sé stefnt að því að nám sé klárað á styttri tíma, til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

Það nýmælli frumvarpsins að veita námsmönnum svokallaðan námsstyrk og stíga þannig skref til samræmis við nágrannaríki okkar er framfararskref. Ætla má að námsstyrkur til allra námsmanna kunni að leiða til þess að námsmenn geti í auknu mæli einbeitt sér nær eingöngu að náminu sem eykur líkur á betri námsárangri og skili öflugum námsmönnum fyrir úr námi.

Samtök Iðnaðarins hafa talað fyrir mikilvægi þess að efla iðn- og verknám. Grundvallarforsenda þess er að slíkt nám sé styrkhæft og telja samtökin mikilvægt að skýrt sé kveðið á um það í lögunum hvaða forsendur liggja til grundvallar námsaðstoð í slíkum tilvikum. Samtök Iðnaðarins óska því eftir nánari upplýsingum og skýringum varðandi túlkun á 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins, m.a. hvort meistaranám í löngreinum, sem kennt er í framhaldsskólum, yrði óstyrkhæft vegna sambærilegs háskólanáms sem kann að vera í boði og hvaða skilyrði yrðu fyrir úthlutun til nemenda sem stunda nám sem leiðir til starfsréttindaprófs.

Samtökin hafa þó áhyggjur af nýju þaki námslána og styttum lánstíma sem að mati samtakanna gæti dregið úr hvata nemenda til að leggja í langt og kostnaðarsamt sérfræðinám. Námslána og -styrkja kerfin verða að styðja við aukna sérhæfingu og menntun enda er það mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun íslensks atvinnulífs að nemendur geti sótt slíkt sérfræðinám í skólum hér á landi og erlendis. Samtök Iðnaðarins leggja til að skoðuð verði sérstaklega úrræði vegna þessa hóps námsmanna svo umrædd sérhæfing sé tryggð og nauðsynlegri fjölbreytni námsleiða sé viðhaldið.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Ósp Stefánsdóttir,
forstöðumaður mennta-
og mannauðsmála